

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar Ársskýrsla 2025

Sýningar

Úr ýmsum áttum

– 11.05.25

Sýning á verkum Sigurjóns Ólafssonar, frá fyrra ári, hélt áfram í aðalsal safnsins.

Vafningar

01.02.2025–11.05.25

Sýning á verkum Helgu Pálínu Brynjólfsdóttur textíllistakonu var opnuð laugardaginn 1. febrúar. Hún var áður sett upp í París en var hér aðlöguð að rýminu í LSÓ og verkum Sigurjóns.

Prjónavetur

Á vorönn voru haldnar nokkrar örsýningar undir þessu nafni og féllu þær inn í sýningar þær sem fyrir voru. Einnig voru sérstakar kynningar á prjónahönnuðum og framleiðslu þeirra, eins og sjá má í Viðauka.

Form og jafnvægi

31.05.25–14.09.25

Danski sendiherrann á Íslandi, Erik Vilstrup Lorenzen, opnaði sýningu á verkum danska myndhöggvarans Søren West laugardaginn 31. maí. Sýndir voru 18 skúlptúrar hans ásamt 10 verkum eftir Sigurjón. Gefin var út 12 síðna litprentuð sýningarskrá í A5 broti sem innihélt „Samtal við Sigurjón“ eftir Søren West, ásamt enskri þýðingu.

Søren West á að baki langan og yfirgrípsmikinn listamannsferil. Hann vinnur mestmegnis í granít og aðrar steintegundir og bætir oft við málmum og öðrum efnum. Á annað hundrað verka hans er nú að finna á opinberum stöðum, flest í Danmörku, en einnig á Ítalíu og í Þýskalandi.

Søren West hefur sýnt verkum Sigurjóns sérstakan áhuga og í greininni í sýningarskránni segist hann skynja næstum bróðurleg tengsl við þennan starfsbróður sinn sem hann þó aldrei hitti og á þeim er 55 ára aldursmunur. Í aðdraganda sýningarinnar kynnti hann sér megnið af verkum Sigurjóns og valdi til sýningar léttari og opnari verk hans sem hann taldi að myndu kallast á við steinskúlptúra sína.

Augliti til auglitis

04.10.25–

Góð aðsókn var að opnun sýningarinnar *Augliti til auglitis* í safninu laugardaginn 4. október klukkan 15. Prentuð var 20 síðna vönduð sýningarskrá í A5 broti sem inniheldur meðal annars mikilvægt viðtal sem Erlingur Jónsson myndhöggvari átti við Sigurjón árið 1980 um þær aðferðir sem hann notaði við gerð portrettanna. Birgitta Spur ritar aðfaraorð og í hugleiðingum Aðlsteins Ingólfssonar listfræðings um Sigurjón segir að hann sé „tvímælalaust andríkasti og næmasti skapari portrettmynda sem við Íslendingar höfum átt“. Enskur údtráttur fylgir.

Á sýningunni standa gestir augliti til auglitis við fulltrúa eldri kynslóða sem höfðu áhrif á menningarumhverfi síns tíma um leið og þeir kynnast færni listamannsins við að túlka persónuleika þeirra í varanlegt efni.

Tónleikar og aðrir viðburðir

Markmið Listasafns Sigurjóns Ólafssonar er að auðga mannlíf og menningu í Reykjavík. Frá upphafi safnsins fyrir 38 árum hefur safnið staðið fyrir menningarviðburðum og eru Sumartónleikarnir löngu orðnir fastir viðburðir í borgarlífinu. Ein af forsendum fyrir tónleikahaldi á vegum safnsins hefur verið styrkur frá Tónlistarsjóði Íslands. Að venju var sótt um styrk til Tónlistarsjóðs fyrir árin 2024 og 2025 og í fyrsta skipti í langan tíma fékk safnið höfnun – þrátt fyrir að hafa sótt um bæði haust og vor.

Sumartónleikar

Undirbúningur að sumartónleikaröð safnsins var langt kominn og búið að semja við tónlistarfólk þegar neikvætt svar barst frá Tónlistarsjóði. Varð því ekki við snúið þótt ljóst væri að kostnaður legðist allur á safnið. Sumartónleikarnir hófust 1. júlí og þeim lauk 5. ágúst, alls voru haldnir sjö tónleikar, þar af einir aukatónleika á föstudegi. Alls komu fram á þeim 16 hjóðfæraleikarar og söngvarar. Nánar er gerð grein fyrir þessum viðburðum í Viðauka.

Aðrir tónleikar

Auk sumartónleika voru haldnir þrennir tónleikar í janúar og febrúar og þrennir tónleikar í ágúst og október 2025.

Bókmenntadagskrá

Einar Már Guðmundsson og Birgir Thor Møller ræddu um nýjustu bók Einars, *Allt frá hatti oní skó*, fimmtudagskvöldið 11. desember. Í bókinni er fjallað um hringiðu níunda áratugarins í Kaupmannahöfn í augum sögumanns og þær skrautlegu persónur sem verða á vegi hans þar.

Friðlýsing Laugarness

Í lok september 2024 var Þuríður Sigurðardóttir listakona, sem ólst upp á Laugarnesbænum, með leiðsögn um Laugarnesið að frumkvæði Henny Hafsteinsdóttur hjá Minjastofnun Íslands og mættu hátt í 200 manns. Þá vaknaði sú hugmynd að tími væri kominn til að safna undirskriftum með ósk um friðlýsingu Laugarness. Þriðja grein skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnunina Listasafn Sigurjóns Ólafssonar fjallar um markmið hennar. Þar segir:

„(i) að stuðla að verndun á náttúrulegu umhverfi safnsins og búsetulandslagi á Laugarnesi.“

Því boðaði safnið til Laugarnesvöku í safninu þann 3. nóvember 2024 „til stuðnings náttúru og búsetulandslagi í Laugarnesi“. Varð fundurinn upphafið að áttakinu: **Friðlýsum Laugarnesið**. Haldin var röð fyrirlestra í safninu fyrri hluta ársins um Laugarnes og sögu þess og var aðgangur ókeypis og allir fyrirlesarar gáfu vinnu sína. Tilgangur fyrirlestranna var að fræða og að vekja athygli almennings á þýðingu svæðisins fyrir framtíðina og einnig þrýsta á stjórnvöld að friðlýsa þessa perlu í borgarlandinu. Gerð er grein fyrir þessum fyrirlestrum og flytjendum þeirra í Viðauka. Einnig var efnt til leiðsagna um náttúruna og búsetulandslagið Laugarnes 13. apríl og 4. maí í umsjá Snorra Sigurðssonar líffræðings og Þuríðar Sigurðardóttur listakonu.

Hópur undir heitinu *Laugarnesvinir* stýrði aðgerðum, hafði samband við embættismenn í borgarkerfinu og náði meðal annars góðu sambandi við Líf Magneudóttur borgarfulltrúa VG, en stuðningur hennar var afgerandi. Einstaklingar úr hópnum fóru í blaðaviðtöl og sett var af stað undirskriftasöfnun, bæði á netinu og á listum sem lágu frammi hjá einstaklingum, í safninu og hjá Fiskbúðinni á Sundlaugavegi 12. Það söfnuðust 3.136 undirskriftir, sem fulltrúar úr hópi Laugarnesvina afhentu umhverfisráðherra á vordögum 2025. Einnig lagði hópurinn mikla vinnu í að bæta við frekari upplýsingum við friðlýsingatillögu Minjastofnunar.

Þetta samhenta átak bar árangur – borgarráð Reykjavíkur samþykkti friðlýsingu Laugarnestanga og fimmtudaginn 22. janúar 2026 staðfesti Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis, orku og loftlagsráðherra með undirskrift sinni, *friðlýsingu Laugarness* í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Auk ráðherra tóku til máls Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands. Fjölmennt var við athöfnina og hennar getið í sjónvarpi og öðrum fréttamiðlum.

Kynningarmál

Fréttatilkynningar hafa verið búnar til fyrir allar sýningar og viðburði safnsins. Eru þær aðgengilegar á heimasíðu LSÓ og sendar sem netpóstur til fréttamiðla og fjölda einstaklinga. Morgunblaðið hefur ætíð birt þessar tilkynningar og Hverfisblað Laugardals hefur mjög oft gert starfsemi safnsins skil, en aðrir fjölmiðlar – eins og RÚV – ekki, og er það miður. Morgunblaðið birti tvívegis viðtöl í tengslum við viðburði í safninu; við Søren West í tilefni af sýningu hans þann 10. júní og við Hlíf Sigurjónsdóttur 1. júlí vegna Sumartónleika safnsins 2025.

Skráning og rannsóknir

Áhersla er lögð á að ljúka skráningu skjalasafns Listasafns Sigurjóns Ólafssonar sem skjalastjóri Listasafns Íslands hóf á árunum 2014–2016. Samið hefur verið við Svanfríði Franklinsdóttur fyrrum skjalastjóra LÍ um að ljúka þessu verki.

Hönnun og umsjón með heimasíðu safnsins og listaverkaskrá Sigurjóns hefur frá upphafi verið í höndum starfsmanns safnsins, Geirfinns Jónssonar. Á undanförunum mánuðum hefur hann unnið að uppfærslu skránnar.

Viðhald á fasteignum

Lokið var endurnýjun á þaki safnsins sem hófst 2024. Hefur þá verið skipt um alla loftglugga, loftun í þaki bætt, skipt um timburklæðningu á þaki, þakdúk og áfellur allar. Vonast er til að komist hafi verið fyrir þrálátan leka á efri hæð safnsins sem skemmt hefur loft í efri sal og skrifstofu. Þar var loft rifið niður og endurnýjað rakavarnarlag, endurbyggð rafmagnsgrind og klæðning. Að sjálfsgöðu var efri salur og skrifstofa máluð. Var þetta gert í sýningarhléum í janúar og maí. Jafnframt var loftræsikerfi safnsins yfirfarið og stokkar hreinsaðir. Smávægilegar lagfæringar voru gerðar á ytra birði hússins, en enn er eftir að ganga frá áfellum á kaffistofusökkul sem fjarlægðar voru á árinu vegna ryðs.

Þá var sett upp brunaviðvörðunarkerfi í íbúðarhúsinu og tengt aðalbrunastöð safnsins, en áður höfðu einstakir reykskynjarar vaktað húsið.

Gestafjöldi

Fjöldi gesta árið 2025 var 3.310, og er það svipaður fjöldi og á árinu 2024.

Stjórn Rekstrarfélagsins Grímu ehf. skipa:

Birgitta Spur formaður, Hlíf Sigurjónsdóttir, Helgi Ágústsson, Halldóra Jónsdóttir og Vikar Pétursson. Í varastjórn félagsins eru: Guðbjörg Sandholt Gísladóttir og Puríður Sigurðardóttir.

Endurskoðandi

Endurskoðandi rekstrarfélagsins Grímu ehf. er Eymundur Sveinn Einarsson löggiltur endurskoðandi, og endurskoðunarstofa hans aðstoðar við bókhald félagsins.

Aðgangseyrir

Aðgangur að safninu er ókeypis fyrir börn innan 18 ára og öryrkjar. Einnig er frítt fyrir félaga ICOM. Aðgangseyrir fyrir fullorðna eru 1000 kr. og fyrir eldri borgara 500 kr.

Safnið var opið svo á árinu 2025:

janúar

Lokað.

1. febrúar – 11. maí

Opið laugardaga og sunnudaga kl. 13 – 17, nema páskahelgina, þá var lokað. Á safnanótt 7. febrúar var opið milli 18 og 23.

12.–30. maí

Lokað vegna viðgerða og sýningaskipta.

31. maí

Opnun sýningar Søren West klukkan 14.

1. júní – 15. september

Opið daglega nema mánudaga kl. 13 – 17, nema hvítasunnudag, þá var lokað.

15. september – 3. október

Lokað milli sýninga.

4. október

Opnun sýningar Augliti til auglitis kl. 15.

5. október – 30. nóvember

opið laugardaga og sunnudaga milli 13 og 17.

Desember og janúar

Lokað.

Starfsfólk

Birgitta Spur sinnir ráðgjafastörfum, Hlíf Sigurjónsdóttir og Geirfinnur Jónsson eru formlega ráðin í hálfu starfi, en eru í reynd í fullu starfi. Starfsmaður í afgreiðslu og kaffistofu var auk þeirra Þórhallur Runólfsson. Safnið hefur notið ómetanlegrar aðstoðar sjálfboðaliða á kvölddagskrám – bæði á tónleikum og öðrum samkomum. Hjálparhellur voru þær Hólmfríður Þóroddsdóttir, Halldóra Jónsdóttir og Helga Harðardóttir.

Reykjavík, 9. febrúar 2026
Birgitta Spur

Viðburðir í LSÓ árið 2025

Þriðjudaginn 14. janúar 2025 kl. 20:00		<i>Saga Holdsveikraspítalans í Laugarnesi og stofnun Oddfellowreglunnar á Íslandi</i> Guðmundur Þórhallsson segir frá aðdraganda að byggingu Holdsveikraspítalans á Laugarnesi sem starfaði á árunum 1898 – 1943. Inn í þá sögu fléttast stofnun Oddfellowreglunnar á Íslandi 1897. Í erindi sínu <i>Lífið á Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi</i> fjallar Erla Dóris Halldórsdóttir sagnfræðingur um starfið á spítalanum og hvernig tókst að vinna bug á þessum hræðilega sjúkdómi. Liður í dagskránni Friðlýsum Laugarnes. Ókeypis aðgangur. Fréttatilkynning
Þriðjudaginn 21. janúar 2025 kl. 20:00		<i>Höfuðból Ingólfs Arnarsonar var í Laugarnesi</i> Íslandssagan endurskoðuð Árni Árnason fjallar um þá niðurstöðu rannsóknar sinnar að Ingólfur Arnarson hafi byggt bæ sinn í Laugarnesi, en ekki á Jörðinni Vík. Liður í dagskránni Friðlýsum Laugarnes. Ókeypis aðgangur. Fréttatilkynning
Þriðjudaginn 28. janúar 2025 kl. 20:00		<i>Mitt Laugarnes</i> Porgímur Gestsson fjallar um persónuleg tengsl sín við Laugarnes og rekur aðdraganda þess að hann fór að kynna sér þúsund ára sögu Laugarness, sem varð að lokum að bók. Hann segir frá því hvernig jarðeignin gekk á milli kynslóða sömu ættar öldum saman og hvers vegna aðsetur biskups var að lokum flutt þangað. Þá reynir hann að gera grein fyrir tilfinningu sinni fyrir Laugarnesþorpinu og hvernig borgin gleypði það. Nú stendur bæjarhóllinn einn eftir, heldur kollóttur, og horfur eru á að samtíminni eigi eftir að slétta yfir spor þúsund ára mannlífs þar sem enn má þó sjá glitta í. Liður í dagskránni Friðlýsum Laugarnes. Ókeypis aðgangur. Fréttatilkynning
Sunnudaginn 2. febrúar 2025 kl. 20:00		<i>Salon tónleikar</i> Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari og Carl Philippe Gionet píanóleikari flytja léttu dagskrá með verkum, meðal annars eftir Fritz Kreisler, Edward Elgar Niccolo Paganini og Þórarin Jónsson. Fréttatilkynning – Efnisskrá
Þriðjudaginn 4. febrúar 2025 kl. 20:00		<i>Tónleikar</i> Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari og Carl Philippe Gionet píanóleikari flytja <i>Fiðlusónötu í B dúr</i> eftir W.A. Mozart, <i>Sónötu í c moll</i> eftir Edvard Grieg og <i>Fratres</i> eftir Arvo Pärt. Fréttatilkynning – Efnisskrá
Þriðjudaginn 11. febrúar 2025 kl. 20:00	 Tónskáldin fjögur	<i>Tónleikar</i> Katrín Heymann flautuleikari, Rob Campkin fiðluleikari og Evelina Ndlovu píanóleikari frumflytja „From Turmoil to Calm“ eftir Barry Mills, sem var samið sérstaklega fyrir þetta breska tríó, ásamt meistaraverkum tuttugustu aldarinnar eftir Bohuslav Martinů og Nino Rota. Tónleikunum lýkur með hugleiðingum um íslensk þjóðlög eftir Snorra Sigfús Birgisson sem ætlað er að tengja breskar rætur flytjendanna við Ísland. Fréttatilkynning – Efnisskrá

Þriðjudaginn 18. febrúar 2025 kl. 20:00	 „Myndin tengist efni fyrirlestrarins beint...”	<i>Hver voru þau?</i> Stefán Pálsson sagnfræðingur segir frá komu og afdirfum fjölskyldu sem kom til Íslands frá Danmörku árið 1926 með vísi að dýragarði meðferðis. Þau komu sér fyrir í Laugarnesinu og síðar inni við Elliðaár. Þau vöktu nokkra athygli hér og var því slegið föstu að um sígauna væri að ræða en hafa ber í huga að vitneskja landsmanna um Roma-fólk var lítil sem engin og öll hugtakanotkun mjög á reiki. Hvernig stóð á ferðum fjölskyldu þessarar til Íslands? Hvaða upplýsingar – ef nokkrar – er unnt að finna um fólkid? Liður í dagskránni Friðlýsum Laugarnes. Ókeypis aðgangur. Fréttatilkynning
Þriðjudaginn 25. febrúar 2025 kl. 20:00		Prjónavetur Ýr Jóhannsdóttir – Ýrúari – kynnir verk sín og listsköpun. Árið 2020 var verkefni hennar <i>Peysa með öllu</i> tilnefnt til Hönnunarverðlauna Íslands, en það var unnið í samstarfi við fatasöfnun Rauða krossins. Það var síðan þróað áfram og hefur verið kynnt víða um Evrópu. Ásamt stúdíó Flétta hlaut hún Hönnunarverðlaun Íslands árið 2023 fyrir verkefnið <i>Pítsustund</i>. Fréttatilkynning
Þriðjudaginn 11. mars 2025 kl. 20:00		Prjónavetur Hver er Vík Prjónsdóttir? Á þessu ári eru 20 ár síðan hönnunarteymið <i>Vík Prjónsdóttir</i> varð til. Sagt verður frá samstarfi þeirra við Víkurprjón sem var þá elsta prjónaverksmiðja landsins. Nútímaleg hönnun, form og litaval komu eins og ferskur andblær inn í íslenskan hönnunarheim og allt í einu var íslensk prjónahönnun orðin spennandi og töff. Fréttatilkynning
Þriðjudaginn 18. mars 2025 kl. 20:00		Nokkur atriði um náttúruna Fyrirlestur Páls Jakobs Lindal umhverfissálfræðings. Rannsóknir hafa sýnt að náttúran hefur margvísleg áhrif á heilsu og líðan fólks. En hver eru þessi áhrif og af hverju? Í fyrirlestrinum verður fjallað um samspil fólks og náttúru, ólíka þætti náttúrulegs umhverfis og sálfræðileg áhrif þeirra á fólk. Liður í dagskránni Friðlýsum Laugarnes. Ókeypis aðgangur. Fréttatilkynning
Þriðjudaginn 25. mars 2025 kl. 20:00		Prjónavetur Magnea Einarsdóttir fjallar um verk sín og reynslu af því að starfa sem prjónahönnuður á Íslandi, en hún hefur undanfarin ár vakið verðskuldaða athygli fyrir þróun og frumlega nálgun sína við prjón og efnismeðferð á íslenskri ull. Magnea hefur tvisvar verið tilnefnd til Hönnunarverðlauna Íslands fyrir fatalínur sem unnar voru, með íslenskum framleiðendum, úr íslenskri ull. Fréttatilkynning
Þriðjudaginn 8. apríl 2025 kl. 15:30–18:00		Prjónavetur – Málþing Málþing sem að koma ýmsir aðilar sem munu miðla sinni reynslu af prjónaframleiðslu á Íslandi og hönnuðir munu varpa ljósi á kosti og galla þess að framleiða hérlandis, hvað við gætum gert betur, en einnig hvað mikilvægt er að varðveita. Á Íslandi starfa enn einstaklingar með dýrmæta þekkingu sem mikil hætta er á að glatist verði ekkert að gert.
Helgarnar 5.–6. og 12.–13. apríl 2025		Prjónavetur – Hönnunarmars Íslenskir hönnuðir hafa í samstarfi við prjónaverksmiðjur hérlandis framleitt margar af þekktustu hönnunarvörum landsins sem margar hafa náð heimsathygli. Á Hönnunarmars verða sýndar prjónavörur sem hafa verið framleiddar á Íslandi síðustu 20 ár. Markmið sýningarinnar er að gefa gestum kost á að sjá vandaðar vörur sem hafa vakið athygli og fengið verðuga viðurkenningu fyrir hönnun, útfærslu og framleiðslu. Sýningin stendur yfir helgarnar 5.–6. og 12.–13. apríl 2025 frá 13:00 – 17:00. Fréttatilkynning

Sunnudaginn 13. apríl 2025 kl. 15:00		<i>Leiðsögn um Laugarnesið</i> Snorri Sigurðsson náttúrufræðingur leiðir göngu um Laugarnesið og lýsir náttúru þess og menningarminjum. Liður í dagskránni Friðlýsum Laugarnes. Ókeypis þátttaka Fréttatilkynning
SUMARTÓNLEIKAR		
Þriðjudaginn 1. júlí kl. 20:30	 Freyr, Hlíf, Martin, Þórdís og Sólveig	<i>Harpa, flauta og strengir</i> Sólveig Thoroddsen hörpuleikari, Freyr Sigurjónsson flautuleikari, Hlíf Sigurjóns-dóttir fiðluleikari, Martin Frewer víóluleikari og Þórdís Gerður Jónsdóttir selló-leikari. Flutt verða <i>Quinteto Instrumental</i> eftir Heitor Villa-Lobos, <i>Sonatina en Trio</i> eftir Maurice Ravel og <i>Sérénada</i> ópus 30 eftir Albert Roussel. Efnisskrá – Fréttatilkynning
Þriðjudaginn 8. júlí kl. 20:30	 Diet, Guja og Heleen	<i>„Í morgun sá ég stúlku“ – um æskuástir og rómantik</i> Tríó Ljósa. Diet Tilanus fiðluleikari, Guja Sandholt söngkona og Heleen Vegter píanóleikari. Íslensk þjóðlög í nýrri útsetningu Helga R. Ingvarssonar, einnig írsk og skosk þjóðlög og ljóðaflokkur Hildigunnar Rúnarsdóttur við ljóð Þórs Sandholt. Efnisskrá – Fréttatilkynning
Þriðjudaginn 15. júlí kl. 20:30	 Konstantin Zvyagin	<i>Ferð með Konstantin Zvyagin um Niflungahring Wagners</i> Konstantin Zvyagin píanóleikari leikur <i>Svítu í 8 myndum</i>, sem eru hans eigin umrit-anir úr Niflungahring Richard Wagners. Konstantin, sem er af rússneskum uppruna en býr og starfar í Darmstadt í Þýskalandi, hefur undanfarið helgað sig tónlist Wagners. Heimsókn hans til Íslands og þessir tónleikar eru í samstarfi við Wagnerfélagið á Íslandi. Efnisskrá – Fréttatilkynning
Þriðjudaginn 22. júlí kl. 20:30	 Siu Chui og Sigríður Ósk	<i>Sjávargolan</i> Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzo-sópran og Siu Chui Li píanóleikari flytja suð-ræna og sumarlega dagskrá. Efnisskráin er spunnin í kringum tvö verk eftir Maurice Ravel en í ár eru 150 ár frá fæðingu hans. „Við ferðumst meðal annars í gegnum franskar sveitir með karakter-miklum alþýðusöngvum Ravels yfir til Spánar þar sem við heyrum grípandi þjóðlaga-söngvaflokk Manuel de Falla og endum ferðalagið á gondóla í Feneyjum með söngv-um Reynaldos Hahn.“ Efnisskrá – Fréttatilkynning
Aukatónleikar Föstudaginn 25. júlí kl. 20:30	 April og Kristi	<i>Lóa</i> Dúóið <i>Lóa</i> sem kemur vestan um haf, mynda þær April Clayton flautuleikari og Kristi Shade hörpuleikari. Flytja þær verk eftir Arnold Bax, Atla Heimi Sveinsson, Daniel Dorff, Jean-Michel Damase og Þórð Magnússon og eru þessi verk væntanleg á hljómdiski sem koma mun út síðar á árinu. Dúóið <i>Lóa</i> er nýstofnað, en April og Kristi hafa spilað saman í tríóinu <i>Hat Trick</i> síðan árið 2013. Efnisskrá – Fréttatilkynning
Þriðjudaginn 29. júlí kl. 20:30	 Ásta Soffía	<i>Bach, Boulanger og íslensk tónlist á harmóníku</i> Ásta Soffía Þorgeirsdóttir harmóníkuleikari. Efnisskrá tónleikanna inniheldur í bland: klassísk tónverk eftir Johann Sebastian Bach og Nadiu Boulanger, nýjar tónsmíðar eftir Hauk Tómasson og Ásbjörgu Jóns-dóttur og einnig útsetningar Ástu Soffíu á íslenskum sálmum, þjóðlögum og tangó-um. Efnisskrá – Fréttatilkynning

Miðvikudaginn 30. júlí kl. 19:30	 Birkir, Ólína og Hjörtur	Strengir, harpa og andardráttur – tónleikar á vegum flytjenda Birkir Örn Hafsteinsson klarinettuleikari, Hjörtur Páll Eggertsson sellóleikari og Ólína Ákadóttir píanóleikari. Flutt verða, meðal annars, ein helstu meistaraverk þessarar hljóðfæraskipunar, <i>Gassenhauertrío</i> Beethovens og <i>Klarinetttrío</i> Brahms. Hið fyrra er glettið og leikandi á meðan tríó Brahms fylgir áheyrendum inn í töfrandi heim tilfinninganna. Aðgangseyrir: 4500kr Facebook kynning
Þriðjudaginn 5. ágúst kl. 20:30	 Hjörleifur og Ourania	Hjörleifur Valsson fiðluleikari og Ourania Menelaou píanó- og trommuleikari. Hjörleifur og Ourania léku saman í fyrsta skipti í Reykjavík í sumartónleikaröð LSÓ fyrir réttum 30 árum. Nú leika þau <i>Sónötu fyrir fiðlu, píanó og trommur</i> eftir bandaríska framúrstefnutónskáldið George Johann Carl Antheil, <i>Fimm stykki fyrir fiðlu og píanó</i> eftir ítalan Ottorino Respighi og <i>Sónötu fyrir fiðlu og píanó</i> eftir rússneska tónskáldið Alfred Schnittke. Þá munu þau frumflytja stutt hnyttið verk eftir Michalis Andronikou: <i>Nick Galis, the Legend</i> sem er tileinkað hinum þekhta gríska körfuboltaleikara Nikos Galis. Efnisskrá – Fréttatilkynning
SUMARTÓNLEIKUM LÝKUR		
Fimmtudaginn 21. ágúst kl. 19:30	 Arnheiður og Helga Bryndís	Franskar sumarnætur Arnheiður Eiríksdóttir mezzosópran og Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari. Á efnisskránni er ljóðaflokkurinn <i>Nuits d'été</i> eftir Hector Berlioz, þekkt ljóð eftir Gabriel Fauré og ariur úr <i>Romeo et Juliette</i> eftir Charles Gounod, <i>Werther</i> eftir Jules Massenet og <i>Samson et Dalila</i> eftir Camille Saint-Saëns. Tónleikarnir eru á vegum flytjenda. Aðgangseyrir kr 3500, greitt við innganginn. f
Þriðjudaginn 7. október kl. 20:00	 Ívar og Símon	Suðrænar gítartónar! Feðgarnir Símon H. Ívarsson og Ívar Símonarson gítarleikarar leika fjölbreytta Flamenco-tónlist sem tekur áhrif allt frá spænsku héruðunum Andalúsíu í suðri, til Galicíu í norðri og einnig frá Suður-Ameríku. Fréttatilkynning – Efnisskrá
Miðvikudaginn 15. október kl. 20:00	 Ólína og Steinunn	Þar lá mín leið Steinunn María Þómar sópran og Ólína Ákadóttir píanóleikari Nýr söngleikur eftir flytjendurna sem byggður er á verkum Jórunnar Viðar. Hann fjallar um unga konu að nafni Hulda sem fetar sig á braut ástarinnar og ræktar sambönd við sig og aðra. „Verk Jórunnar Viðar eru fjölbreytt og skemmtileg, sum létt og leikandi en önnur tilfinningaþrungin og djúp. Söngleikurinn býður upp á ferska túlkun á verkum hennar og setur þau í nýtt samhengi.“ Tónleikarnir eru atriði á Óperudögum 2025. Aðgangseyrir: 4.900 kr. en 2.000 kr. fyrir nemendur, börn og öryrkja. f
Fimmtudaginn 11. desember kl. 20:00	 Birgir og Einar Már	Allt frá hatti oní skó. Einar Már Guðmundsson og Birgir Thor Møller ræða um nýjustu bók Einars <i>Allt frá hatti oní skó</i>. Í bókinni er fjallað um hringiðu níunda áratugsins í Kaupmannahöfn í augum sögumanns og þær skrautlegu persónur sem verða á vegi hans þar. Heitt verður á könnunni í kaffistofunni og gestir geta skoðað portrettsýningu Sigurjóns. Fréttatilkynning